	<b>Hafnarfjarðarbær</b>
Innk:	178 2016
Málsnr:	1608293
Bréfal:	521.1

Hafnarfirði, 16. ágúst 2016

Hafnarfjarðarbær  
b.t. hr. skipulagsstjóra  
Þormóður Sveinsson  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

**Efni: Byggingaáform að Fornubúðum 5 Hafnarfirði.**

Í framhaldi af fundi okkar Jóns Rúnars Halldórssonar fulltrúa Fornubúða 5 og Sigurðar Þorvarðarsonar byggingafræðings með þér, þar sem upplýst voru áform um uppbyggingu húsnæðis fyrir Hafrannsóknarstofnun Íslands að Fornubúðum 5 er það vilji okkar að málið verði tekið til kynningar á skipulags og byggingasviði Hafnarfjarðar.


Til upplýsingar er rétt að geta þess að verkefnið er til komið í framhaldi af útboði framkvæmdasýslu ríkisins, þar sem óskað var eftir húsnæði til leigu fyrir Hafrannsóknarstofnun.

Í tilboði eiganda Fornubúða 5 var meðal annars boðin sú lausn að byggð yrði skrifstofu og þjónustubygging samanber meðfylgjandi teikningar STH teiknistofunnar, teikningarnar gera ráð fyrir að samfast núverandi byggingu verði byggt 5 til 6 hæða bygging ca. 5.500 - 6.000 m<sup>2</sup>.

Staða verkefnisins er nú þannig að í gangi eru viðræður þar sem þarfir og útfærslur eru ræddar í þaula og höfum við væntingar til þess að möguleikar séu á samningum í milli aðila.

Við væntum þess að bæjaryfirvöld séu okkur sammála um að hér sé á ferðinni spennandi verkefni og muni ef að verður verða mikil lyftistöng fyrir Hafnarfjörð.

Virðingarfyllst,  
f.h. Fornubúða eignarhaldsfélags ehf

  
Jón Rúnar Halldórsson.